



ÍSAFJARÐARBÆR

Alþingi

Fjárlaganefnd

sent rafrænt á nefndasvið@althingi.is

Ísafjarðarbær, 20. október 2022

Efni: Umsögn um mál á 153. löggjafarþingi frumvarp til fjárlaga 2023, mál 1 og eftir því sem við á efni frumvarps til laga um breytingu á lögum vegna fjárlaga 2023, mál 2.

Á 500. fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar var samþykkt neðangreind umsögn um 1. og 2. mál á 153. löggjafarþingi, um frumvarp til fjárlaga 2023.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar tekur undir umsögn Vestfjarðastofu um frumvarp til fjárlaga og vill undirstrika sérstaklega að bæta þurfi samkeppnisstöðu Vestfjarða til jafns við aðra landshluta en það verður ekki gert nema með því að styrkja innviði fjórðungsins. Vestfirðir hafa setið eftir uppbyggingu innviða eins og samganga, orku og fjarskipta.

Mikil verðmætasköpun á sér stað á Vestfjörðum, t.a.m. í fiskeldi. Í lok árs 2021 voru tæp 28.000 tonnum af laxi slátrað að Vestfjörðum en það magn getur farið upp í 64.500 tonn þegar hámarkslífmassa verður náð. Þessi þunga umferð leggst ofan á veikt samgöngukerfi á Vestfjörðum með tilheyrandi sliti og slysaþættu.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar leggur mikla áherslu á að það fiskeldisgjald verður til vegna auðlindagjalda í fiskeldi renni til A hluta rekstur fiskeldissveitarfélaga til að þau geti staðið undir þeirri miklu uppbyggingu innviða sem er framundan að þeirra hálfu. Gríðarleg þörf er fyrir framkvæmdir á Vestfjörðum. Það er viðvarandi húsnæðisskortur, þörf á fráveituframkvæmdum, uppbyggingu hafna, skólamannvirkja og viðhald eigna sveitarfélaganna hefur setið á hakanum svo nokkur atriði séu nefnd. Þessi veigamiklu atriði standa í vegi fyrir framþróun vestfirskis samfélags. Þess vegna er það krafa fiskeldissveitarfélaganna að fiskeldisgjaldið renni til þeirra.

F.h. Ísafjarðarbæjar

Bryndís Ósk Jónsdóttir

sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs / bæjarritari